LAUSAR STÖÐUR HJÁ REYKJAVÍKURBORG

HEILSUVERNDARSTÖÐ REYKJAVÍKUR óskar að ráða eftirtalið starfsfólk:

Deildarmeinatækni á rannsóknarstofu Heilsuverndarstöðvarinnar 100% starf.

Skrifstofumann til sumarafleysinga – 100% starf.

VIÐ HEILSUGÆSLUSTÖÐINA ASPARFELLI 12:

Læknaritara í 50% starf. Stúdentspróf eða sambærileg menntun áskilin ásamt góðri vélritunar- og íslenskukunnáttu.

Læknaritara og skrifstofumann við símavörslu og afgreiðslu til sumarafleysinga.

VIÐ HEILSUGÆSLUSTÖÐ MIÐBÆJAR.

Skrifstofumann við símavörslu og afgreiðslu til sumarafleysinga.

VIÐ HEILSUGÆSLUSTÖÐ HLÍÐASVÆÐIS:

Deildarmeinatækni í 50% starf.

Læknaritara til sumarafleysinga í júlímánuði.

Upplýsingar um ofangreind störf eru gefnar á skrifstofu framkvæmdastjóra heilsugæslustöðva, í síma 22400.

Umsóknafrestur er til 25. maí.

Umsóknum ber að skila til starfsmannahalds Reykjavíkurborgar, Pósthússtræti 9, 5. hæð á sérstökum eyðublöðum sem þar fást.

Útboð

Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar f.h. Rafmagnsveitu Reykjavíkur óskar eftir tilboðum í að byggja 5 dreifistöðvarskýli.

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu vorri, Fríkirkjuvegi 3, Reykjavík gegn kr. 15.000 skilatryggingu.

Tilboðin verða opnuð á sama stað fimmtudaginn 18. júní n.k. kl. 11.00.

INNKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKURBORGAR
Fríkirkjuvegi 3 – Sími 25800

LAUSAR STÖÐUR HJÁ REYKJAVÍKURBORG

STAÐA YFIRMANNS FJÁRMÁLA- OG REKSTRARDEILDAR

á skrifstofu dagvistar barna er laus til umsóknar. Góð menntun eða reynsla á viðskiptasviði áskilin.

Upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri dagvistar barna í síma 27277.

Umsóknum ber að skila til starfsmannahalds Reykjavíkurborgar, Pósthússtræti 9, 5. hæð á sérstökum eyðublöðum sem þar fást.

LAUSAR STÖÐUR HJÁ REYKJAVÍKURBORG

Hitaveita Reykjavíkur óskar eftir að ráða rafeindaverkfræðing eða tæknifræðing til starfa við stjórnkerfi og rafeindabúnað veitunnar. Upplýsingar um starfið veitir Árni Gunnarsson í síma 82400.

Umsóknarfrestur er til 1. júní 1987.

Umsóknum ber að skila til starfsmannahalds Reykjavíkurborgar, Pósthússtræti 9, 5. hæð á sérstökum eyðublöðum sem þar fást.

Suðurnes

Lóðaskoðun hjá fyrirtækjum á svæðinu er hafin, og er þess vænst að eigendur og umsjónarmenn fyrirtækja taki virkan þátt í fegrun byggðarlaganna, með snyrtilegri umgengni við fyrirtæki sín.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

DAGBÓK

Kaffisala Kvenfélags Háteigssóknar

Hin árlega kaffisala Kvenfélgs Háteigssóknar verður í Domus Medica við Eiríksgötu sunnudaginn 17. maí og hefst kl. 15:00. Hrönn Hafliðadóttir mun koma og syngja fyrir kaffigesti. Ágóði af kaffisölunni rennur til altaristöflusjóðs Háteigskirkju.

Gunnsteinn Gíslason sýnir að Kjarvalsstöðum

Í dag, laugardag 16. maí opnar Gunnsteinn Gíslason myndhöggvari sýningu á veggmyndum að Kjarvalsstöðum. Myndirnar eru múrristur (sgraffito), sem er þekkt veggmyndatækni allt frá miðöldum.

Gunnsteinn lauk námi við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1967, og lagði síðan stund á nám í veggskreytingum og glerhönnun við Edinburgh College of Art og tók BA-gráðu 1969. 1972-'75 stundaði Gunnsteinn framhaldsnám við Konstfackskolan í Stokkhólmi.

Gunnsteinn hélt fyrstu einkasýningu sína 1982, en hann hefur tekið þátt í fjölda samsýninga heima og erlendis. Sýning Gunnsteins stendur fram á sunnudaginn 31. maí.

Ungur gítarleikari í Norræna húsinu

Fjórðu og næstsíðustu tónleikarnir í tónleikaröðinni „Ungir norrænir einleikarar" verða á sunnudagskvöld 17. maí kl. 20:30 í Norræna húsinu. Þá leikur finnski gítarleikarinn **Timo Kohonen** verk eftir Bach, Ginastera, Moreno Torroba, L. Brouwer o.fl.

Timo Korhonen er fæddur 1964. Hann hefur hlotið mörg alþjóðleg verðlaun fyrir gítarleik.

Síðustu tónleikarnir í þessari tónleikaröð verða föstudaginn 22. maí kl. 20:30 en þá leikur **Sigrún Eðvaldsdóttir** á fiðlu við undirleik **Selmu Guðmundsdóttur** á píanó.

Fundur Kvenréttindafélags Íslands

Laugardaginn 16. maí n.k. efnir Kvenréttindafélag Íslands til félagsfundar og býður sérstaklega til hans þeim konum er hlutu kosningu til Alþingis og sem voru framarlega á listum flokkanna.

Umræðuefni fundarins verður spurningin: „Hvernig ætla konur á þingi að vinna að jafnrétti kvenna og karla"?

Framsöguerindi flytja fulltrúar hvers flokks á þingi.

Fundurinn verður svokallaður morgunhádegisfundur, þ.e. fundur með léttum veitingum af morgunverðar- og hádegisborði. Fundurinn verður haldinn í kjallara Hallveigarstaða (gengið inn frá Túngötu). Hann hefst kl. 11 f.h. og stendur fram til kl. 14.00. Verði veitinga mun stillt í hóf eins og unnt er.

Fundurinn er öllum. opinn.

Sýning á myndvefnaði á Kjarvalsstöðum

Ingibjörg Styrgerður Haraldsdóttir opnar sýningu á veggteppum í austurforsal Kjarvalsstaða í dag, 16. maí kl. 14:00. Ingibjörg stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og síðan við Hochschule für angevandte Kunst in Wien.

Verkin eru öll ofin á árunum 1985 til 1987, en Ingibjörg hefur sjálf litað ullina í teppunum. Hún hefur tekið þátt í samsýningum hér heima og erlendis.

Samkór Trésmiðafélags Reykjavíkur: Vortónleikar í Langholtskirkju

Samkór Trésmiðafélags Reykjavíkurheldur sína árlegu vortónleika í Langholtskirkju á morgun, sunnud. 17. maí kl. 16:00. Á efnisskránni eru bæði innlend og erlend lög. Söngstjóri er Guðjón Böðvar Jónsson og undirleikari Lára Rafnsdóttir. Þetta er 15. starfsár kórsins.

Kórinn heldur til Svíþjóðar þann 26. þ.m. og tekur þátt í 40 ára afmælissöngmóti Sambands sænskra verkalýðskóra, sem haldið verður í Stokkhólmi um næstu mánaðamót.

Stigamót í pílukasti

Íslenska pílukastfélagið efnir til **stigamóts í pílukasti,** sunnudaginn 17. maí 1987, í Félagsheimili löreglumanna, Brautarholti 30, Reykjavík.

Keppni hefst kl. 12.00.

— Keppt í riðlum „501"
— Átta manna úrslit: Útsláttarkeppni.
— Stigin verða metin til niðurröðunar á Íslandsmót Í.P.F. '87.

Allir velkomnir.

Dagsferðir F.Í. á sunnudag

1) Kl. 09:00 **Skarðsheiði-Heiðarhorn** (1052 m). Ekið sem leið liggur í Svínadal og lagt upp á fjallið frá Hlíðartúni eða Eyri. Farmiðar við bíl eða á skrifstofunni (800 kr.).

2) Kl. 13:00 **Selfjall-Háafell-Botnsdalur.** Gengið frá Litla-Botni í Hvalfirði upp með Selá (600 kr.). Brottför frá Umferðarmiðstöðinni, austanmegin. Farmiðar við bíl. Frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna.

Kvenfélagskaffi í Oddfellow-húsinu

Á sunnudaginn kemur, 17. maí, verður barnaguðsþjónusta í Fríkirkjunni í Reykjavík og hefst að vanda kl. 11.00. Kl. 14.00 sama dag verður guðsþjónusta í kirkjunni. Safnaðarprestur prédikar og þjónar fyrir altari, en Fríkirkjukórinn syngur undir stjórn organistans, Pavel Smíd. Fermd verður **Aníta Rut Ásmundsdóttir, Lækjarási 4, Reykjavík.**

Að lokinni messu bjóða kvenfélagskonur Fríkirkjunnar **eldri kirkjugestum til kaffidrykkju í Oddfellowhúsinu.** Er ekki að efa, að þar verður vel og rausnarlega að verki staðið. Það er von okkar, að sem flestir velunnarar Fríkirkjunnar leggi leið sína í Oddfellow-húsið á sunnudaginn kemur. Kaffidrykkjan hefst klukkan rúmlega þrjú.

Fríkirkjan í Reykjavík: Blásarakonsert á mánudagskvöldið

Mánudagskvöldið 18. maí kl. 20.30 verður blásarakonsert í Fríkirkjunni í Reykjavík.

Félagar úr **Alouette-tríóinu frá New York** leika verk eftir Telemann, Hovaness, de Boismortier, Persichetti og Gordon Jacob. Flytjendur eru þau Stella Amar, sem leikur á óbó og enskt horn og Andrew Cordle, sem leikur á fagott. Í einu verkanna leikur sr. Gunnar Björnsson með á selló. Stella Amar og Andrew Cordle leika í Sinfóníuhljómsveitinni í Springfield, Massachussets. Tónleikarnir eru á vegum bandaríska sendiráðsins og listamannanna sjálfra.

Fundur sóknanefnda

Fundur sóknanefnda í Reykjavíkurprófastsdæmi, til að ræða leikmannastarfið í kirkjunni, verður haldinn í Bústaðakirkju mánudaginn 18. maí kl. 20:30.

Safnaðarráð Reykjavíkurprófastsdæmis

Aukafundur Safnaðarráðs Reykjavíkurprófastsdæmis verður í safnaðarheimili Bústaðakirkju á morgun, sunnudaginn 17. maí og hefst kl. 18:00.

Textil-kjólasýning á Hótel Borg

Hönnuðirnir Katrín H. Ágústsdóttir og Stefán Halldórsson ásamt versluninni Íslenskum heimiliðiðnaði, halda kjólasýningu á Hótel Borg kl. 3 á sunnudaginn 17. maí. Eru eingöngu sýndir kjólar sem Katrín og Stefán hafa hannað, búnir til úr silki og bómull með batikaðferð. Sýningarstúlkur frá Módelsamtökunum sýna. Stjórnandi Unnur Arngrímsdóttir. Kynnir verður Heiðar Jónsson.

Frá menntamálaráðuneytinu: Lausar stöður við framhaldsskóla:

Við Fjölbrautaskólann í Garðabæ, kennarastöður í íslensku, líffræði, stærðfræði, viðskiptagreinum og þýsku. Menntaskólann við Hamrahlíð, kennarastöður í íslensku, dönsku, efnafræði, félagsfræði, líffræði, líkamsrækt og tölvufræði. Í efnafræði og líkamsrækt er um hlutastarf að ræða, í öðrum greinum kemur til greina að ráða í fullt starf eða hlutastarf.

Við Iðnskólann í Reykjavík kennarastöður í hársnyrtigreinum, offset prentun, offset skeytingu og í rafiðnagreinum og tölvugreinum. Æskilegt er að umsækjendur í rafiðnagreinum hafi verkfræði-, tæknifræði- eða iðnfræðimenntun eða hafi meistararéttindi í rafeindavirkjun, ásamt kennsluréttindum, og í tölvugreinum séu þeir kerfisfræðingar eða tölvufræðingar með kennslurétti.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist menntamálaráðuneytinu, Hverfisgötu 6, 150 Reykjavík fyrir 5. júní næstkomandi.

Menntamálaráðuneytið.

Kennarar

Nokkra kennara vantar að grunnskóla Fáskrúðsfjarðar næsta vetur, ódýrar íbúðir og nýlegt skólahús.

Upplýsingar gefur skólastjóri í síma 97-5224 á daginn og 97-5159 heima.

Dráttarvél óskast

80-100 hestafla dráttarvél óskast með eða án framdrifs.

Upplýsingar í síma 95-1636.

Helstu vextir við banka og sparisjóði (% á ári)

11. maí 1987

(Ein * merkir breytingu vaxta frá síðustu skrá og þrjár *** vísa á banka og/eða sparisjóði sem breyta vöxtum)

I. Vextir ákveðnir af bönkum og sparisjóðum

	Landsbanki	Útvegsbanki	*** Búnaðarbanki	Iðnaðarbanki	*** Verslunarbanki	*** Samvinnubanki	Alþýðubanki	*** Sparisjóðir	Vegin meðaltöl
Dagsetning síðustu breytingar	1/5	21/4	11/5	1/5	11/5	1/5	11/4	1/5	
Innlánsvextir:									
Hlaupareikningar	6.00	4.00	4.00	4.00	4.00	4.00	5.00	7.00	5.20
Ávísanareikningar	6.00	4.00	4.00	4.00	4.00	7.00	10.00	7.00	5.50
Alm.sparisj.bækur	12.00	10.00	11.00*	10.00	10.00	10.00	10.00	10.00	10.90*
Annað óbundið sparifé 1)	?-22.00	10.-21.72	?-20.00		10.0-19.00	11-20.00	10-16.00	3.50	
						?-19.50			
Uppsagnarr., 3 mán.	13.00	14.00	11.00*		13.50	15.00	14.00	12.00	12.70*
Uppsagnarr., 6 mán.		15.50	12.00*	20.00	19.00	17.00	17.00	13.00	15.00*
Uppsagnarr., 12 mán.	14.00	17.00					19.00	25.50 1) 2)	15.00
Uppsagnarr., 18 mán.			24.50 1)	22.00				24.00 1) 3)	23.80
Verðtr. reikn. 3 mán.	2.00	2.00	2.00		2.00	2.00	2.00	1.50	1.90
Verðtr. reikn. 6 mán.	3.50	4.00	3.50*	2.50	3.50	3.00	4.00	3.50	3.40
Ýmsir reikn. 1)						*8)	8-9.00	5-6.50 6)	
Sérstakar verðb. á mán.	1.083	1.00	1.00	0.75	1.00	0.83	1.00	0.83	0.90
Innl. gjaldeyrisreikn.:									
Bandaríkjadollar	5.50	5.50	6.00*	6.25	5.50	5.50	5.75	5.25	5.60*
Sterlingspund	8.50	8.75	8.00*	8.75	10.00	9.00	10.25	9.00	8.70*
V-þýsk mörk	2.50	3.00	3.00	3.00	3.50	3.50	4.00	3.50	3.00
Danskar krónur	9.50	9.50	9.25*	9.25	9.00	9.50	10.25	9.50	9.4*
Útlánsvextir:									
Víxlar (forvextir)	20.50	20.0	21.00 4)*	21.00	23.00*	20.00	21.00	24.00 4)	21.20*
Hlaupareikningar	21.50	21.50	22.50*	22.50	24.00*	22.00*	22.00	24.50	22.40*
þ.a. grunnvextir	9.00	9.00	10.00	10.00	12.00*	10.00	10.00	12.00	10.00*
Alm. skuldabréf 5)	22.00	20/21.25 7)	23.00*	22.50	24.00*	22.00	22.00	24/25.0 7)*	22.70*
þ.a. grunnvextir	9.00	11.50	10.00*	10.00	10.00	10.00	9.50	12.00	10.10*
Verðtr. skbr. að 2.5 ár 5)	6.00	6.5/7.0 7)	7.00*	7.50	7.00	7.00*	7.00	6.75/7.0 7)	6.60*
Verðtr. skbr > 2.5 ár 5)	6.50	6.5/7.0 7)	7.00*	7.50	7.00	7.00*	7.00	6.75/7.0 7)	6.80*
Afurðalán í krónum	20.00	19.00	20.00*	16.25	20.00	20.00	18.50	26.00	20.50*
Afurðalán í SDR	7.75	7.75	7.75	8.25	8.00	8.00		8.00	7.80
Afurðalán í USD	8.75	8.25	8.00	7.75	8.75	8.00		7.50	8.20
Afurðalán í GBD	11.50	11.50	11.25	13.00	11.25	11.50		12.75	11.80
Afurðalán í DEM	5.50	5.50	5.50	6.50	5.50	5.75		6.25	5.70

II. Vanskilavextir (ákveðnir af Seðlabanka) frá 1. desember 1986: 2.25% (2.01%) fyrir hvern byrjaðan mánuð. Frá 1. mars 1987 2.50% (2.21%) fyrir hvern byrjaðan mánuð.

III. Meðalvextir 21.03. 1987 (sem geta gilt í apr. 1987): Alm skuldabréf 21.0% (9.5+11.5), verðtr. lán að 2.5 árum 6.4% og minnst 2.5 ár 6,6%.

Meðalvextir 21.03. 1987 (sem geta gilt í mai 1987): Alm.skbr. 21.3% (9.5+11.8), verðtr. lán að 2.5 árum 6.5% og minnst 2.5 ár 6.6%.

1) Sjá meðfylgjandi lýsingu. 2) Aðeins hjá Sp. Vélstj. 3) Aðeins hjá SPRON, Sp. Kópav., Hafnarfj., Mýras., Akureyrar, Ólafsfj., Svarfd., Siglufj., Norðfj., í Kefl., Arskógsstr & Eyrar. 4) Viðsk. víxlar keyptir m.v. 22.5% vexti hjá Bún.banka, 23.0% hjá Samv. banka og 26.0% sparisj. 5) Vaxtaálag á skuldabréf til uppgjörs variskilalána er 2% á ári, Verzlunar- og Alþýðubanki beita þessu ekki. 6) Aðeins hjá Sp. Bolungarvíkur. 7) Lægri vextirnir gilda ef um fasteignaveð er að ræða.